

Fimmtudaginn 20. nóvember 1997.

Nr. 363/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Magnúsi Heiðari Magnússyni

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. ágúst 1997 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Ákærvaldið krefst staðfestingar á heimfærslu brota ákærða til refsíákvæða og á refsíákvörðun, þó þannig, að skilorðshluti hennar sæti endurskoðun til lækkunar, en tekur undir kröfur ákærða um endurskoðun á dæmdum skaðabótum, að því er varðar miskabætur og lögmanna- aðstoð.

Ákærði krefst vægustu refsingar, sem lög leyfa, og verulegrar lækkunar dæmdra skaðabóta.

Í héraðsdómi eru rakin vottorð lækna um áverka þeirra, sem urðu fyrir árásum ákærða. Með tilliti til áverkanna og afleiðinga þeirra þykir mega staðfesta héraðsdóm um heimfærslu brota ákærða til refsíákvæða. Ákærði, sem áður hafði hlotið sekt fyrir líkamsárás, gerðist sekur um tvær líkamsárásir með stuttu millibili. Þær voru báðar harkalegar og án slíks tilefnis, að virt verði honum til málsbóta. Með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Ekki eru efni til að skilorðsbinda þá refsingu.

Fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu ákærða, að hann væri reiðubúinn að bæta fyrir misgjörðir sínar og féllist á alla liði bóta- krafna tjónþolanna, Lúðvíks Rúnarssonar og Snorra Pálmasonar, utan kröfur um miskabætur og lögmannaaðstoð. Bótakröfurnar eru sundurliðaðar í héraðsdómi.

Tjónþolar hafa hvorki gert kröfur um þjáningabætur samkvæmt 3. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 né um bætur fyrir varanlegan miska

samkvæmt 4. gr. laganna, og koma þær ekki til álita í málinu. Þeir hafa hins vegar hvor um sig sett fram miskabótakröfur með vísan til 26. gr. skaðabótalaga. Eins og áður er lýst og í héraðsdómi nánar greinir, voru líkamsárásirnar með þeim hætti, að tjónþolar þykja eiga rétt á miskabótum úr hendi ákærða samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga fyrir þessar meingerðir. Eru þær hæfilega ákveðnar 80.000 krónur til hvors um sig. Kröfur hvors um sig vegna lögmannaðstoðar verða teknar til greina með 30.000 krónum.

Samkvæmt framansögðu verður ákærða gert að greiða Lúðvík Rúnarssyni 134.900 krónur í bætur fyrir fjártjón og miska með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af miskabótum frá 24. nóvember 1996 til 20. mars 1997, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna af skaðabótum frá þeim degi til greiðsludags, en bótakrafan var birt ákærða 20. febrúar 1997. Sömu leiðis verður ákærða gert að greiða Snorra Pálmasyni 147.765 krónur fyrir fjártjón og miska með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 19. janúar 1997 til 11. apríl sama árs, en með dráttarvöxtum frá þeim degi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður staðfest. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Heiðar Magnússon, sæti fangelsi 7 mánuði.

Ákærði greiði Lúðvík Rúnarssyni 134.900 krónur með 0,8% ársvöxtum af 80.000 krónum frá 24. nóvember 1996 til 21. janúar 1997, 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 20. mars sama árs, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 134.900 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði Snorra Pálmasyni 147.765 krónur með 0,8% ársvöxtum af 80.000 krónum frá 19. janúar 1997 til 21. sama mánaðar, 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 11. apríl sama árs, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af 147.765 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnar-

laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 24. júní 1997.

Ár 1997, fimmtudag 24. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er á venjulegum þingstað í Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-116/1997: Ákærvaldið gegn Magnúsi Heiðari Magnússyni.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 8. apríl 1997, birtri fyrir ákærða 16. maí sama ár og þingfestri 21. sama mánaðar, á hendur Magnúsi Heiðari Magnússyni, Hólagötu 15, Sandgerði, fæddum 11. júní 1976, fæðingarnúmer 522, fyrir eftirgreindar líkamsárásir og hótanir:

1. Að hafa aðfaranótt sunnudags 24. nóvember 1996 á veitingastaðnum Strikinu, Hafnargötu 37, Keflavík, slegið Lúðvík Rúnarsson hnefahögg í andlit og síðan á götunni fyrir utan veitingastaðinn ráðist á Lúðvík og slegið hann aftur hnefahögg í andlit, svo að Lúðvík féll við, og eftir það slegið og sparkað nokkrum sinnum í andlit Lúðvíks. Afleiðingar þessara árása voru þær, að Lúðvík hlaut mar á hægri augabráun, merki eftir sljóan áverka eins og spark í andlit, skrámur á hægri og vinstri kinn, mar á nefi, skrámur og yfirborðssár á hálsi, brot á hægri kinnbeini, sem hafði kýlst inn um nokkra millímetra, og dofa í efri kjálka hægri megin, sem stafar af áverka á skyntaug í andliti. Gekkst Lúðvík undir aðgerð til réttingar á hægri kinnbeini.

2. Að hafa aðfaranótt sunnudags 19. janúar 1997 á veitingastaðnum Strikinu slegið Snorra Pálmason hnefahögg á vinstra auga, svo að Snorri fékk skurð á vinstri augabráun, og síðan á Hafnargötu á móts við hús nr. 36 ráðist á Snorra, slegið hann hnefahögg í andlit, tekið hann hálstaki og skellt honum í götuna og eftir það slegið og sparkað nokkrum sinnum í höfuð og andlit Snorra, með þeim afleiðingum, að Snorri fékk glóðarauga vinstra megin, nefblæðingu, skrámur á baki og heilahristing, sem fylgdi stöðusvimi og höfuðverkur. Var Snorri sendur bráðaflutningi á Sjúkrahús Reykjavíkur til rannsóknar.

Framangreind háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

3. Að hafa sömu nótt, er lögreglumennirnir Hrafn V. Ásgeirsson,

Magnús I. Jónsson og Halldór R. Guðjónsson flokksstjórar handtóku ákærða vegna líkamsárásar, sem fjallað er um í 2. kafla ákæru, margsinnis hótað lögreglumönnunum líkamsmeiðingum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga.

4. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómslögmaður gerir þær kröfur í málinu fyrir hönd árásarþola, að ákærði verði dæmdur til að greiða þeim skaðabætur sem hér greinir:

1. Lúðvík Rúnarssyni, kt. 210663-2319, Hringbraut 61, Keflavík, samtals 388.915 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 15/1987 með síðari breytingum frá árásardegi 24. nóvember 1996.

2. Snorra Pálmasynt, kt. 160774-4369, Garðavegi 7, Keflavík, samtals 381.768 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá árásardegi 19. janúar 1997.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að honum verði einungis tildæmd vægasta refsing, sem lög leyfa, vegna ákæruliða I og II, en að ákærulið III verði vísað frá dómi, til vara, að ákærði verði sýknaður af þeim ákærulið. Þess er krafist, að bótakröfum verði vísað frá dómi. Loks er þess krafist, að allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, greiðist úr ríkissjóði.

II.

Varðandi ákærulið 1 viðurkennir ákærði að hafa skellt Lúðvík Rúnarssyni í götuna fyrir utan skemmtistaðinn Strikið, sest ofan á hann og kýlt hann í andlit og síðan sparkað tvisvar eða þrisvar í andlit hans. Ákærði neitar því að hafa slegið Lúðvík í andlit inni á veitingastaðnum Strikinu og heldur því fram, að hann hafi ekki sparkað í Lúðvík liggjandi, heldur hafi hann sjálfur legið í götunni og sparkað upp fyrir sig í Lúðvík, loks, að Lúðvík hafi átt upptökin að átökum þeirra, bæði inni á veitingastaðnum og á götunni fyrir utan.

Varðandi ákærulið 2 viðurkennir ákærði að hafa skellt Snorra Pálmasynt í götuna, sest ofan á hann og slegið hann nokkur högg í andlit og síðan sparkað í höfuð hans. Ákærði neitar því að hafa slegið Snorra hnefahögg á veitingastaðnum Strikinu og heldur því fram, að Snorri hafi átt upptökin að átökunum.

Varðandi ákærulið 3 viðurkennir ákærði að hafa viðhaft nokkur illyrði við lögreglumenn, er þeir handtóku hann og beittu við það afli, sagt við þá, að rétt væri að taka þá eins, og er þeir höfðu handtekið hann og héldu honum í lögreglubifreiðinni, að hann taldi, með óeðlilega harðleikum tókum,

viðhaft nokkuð grófan munnsöfnuð, en neitar því að hafa viðhaft hótanir, er mögulegt væri, að nokkur tæki alvarlega eða nokkrar líkur væri á, að hann léti verða úr, um að vinna lögreglumönnunum mein.

Ástæðan til þess, að ekki tókst að ljúka máli þessu sem játningarmáli samkvæmt reglum 125. gr. oml. án aðalmeðferðar, er einkum sú, að ákærði telur sig hafa málsbætur, í öllum tilvikum hafi verið ráðist að sér að fyrra bragði og hann átt hendur að verja.

III.

Fyrir dómi lýsti ákærði atvikum varðandi ákærulið 1 svo, að hann hefði umrætt kvöld verið á dansleik á Strikinu. Er hann gekk fram hjá kvennasalerni, hefði þessi maður, Lúðvík, staðið í vegi fyrir sér og hann hrint honum í burtu. Lúðvík hafi þá slegið til sín, en höggið geigað. Síðan hafi þeir rokið saman og verið að hnoðast eitthvað í gólfinu. Þá hafi dyraverðir komið og stöðvað þá og hent Lúðvík út. Ástæðuna til þess, að Lúðvík var hent út, en ekki ákærða, taldi ákærði þá, að miklu meiri læti hefðu verið í honum.

Er dansleiknum var lokið og ákærði var að ganga út á götuna framan við skemmtistaðinn, segir ákærði, að Lúðvík hafi komið vaðandi að sér, og kveðst hafa reynt að víkja sér undan. Lúðvík hafi þá slegið til sín. Kveðst hann hafa fengið höggið á ennið. Þá kveðst hann hafa tekið Lúðvík svokölluðu usimata-bragði, – en ákærði hafði þá stundað æfingar og þjálfun í júdó hjá íþróttafélaginu Ármanni um tveggja mánaða skeið, – sest ofan á hann og slegið hann nokkur högg. Lúðvík hafi náð að hrinda sér ofan af sér og verið að koma ofan á sig. Kveðst ákærði þá hafa sparkað svo sem tvisvar upp fyrir sig. Svo hafi lögreglan komið og verið að toga sig í burtu, og hafi hann þá sparkað í höfuð eða öxl Lúðvíks.

Ákærði hlaut ekki áverka í umræddum átökum að öðru leyti en því, að hann segist hafa fengið kúlu á enni og einhverjar skrámur á líkamann.

Vitnið Lúðvík Rúnarsson, kærandi gagnvart ákærulið 1, bar, að við lok dansleiks á Strikinu, er hann var að ferðbúast og kominn í frakka sinn, hafi hann ætlað að ganga aftur inn í salinn og kasta kveðju á vinnufélaga sína, sem sátu þar enn. Þröng hafi verið, því að fólk hafi verið á útleið, og hann mætt ákærða, sem hann hafi þá ekki þekkt neitt. Í þrengslunum hafi þeir ekki komist hvor fram hjá öðrum. Hafi þeir smástund verið að reyna að komast áfram, en þá hafi ákærði spurt vitnið, hvort hann væri eitthvað að ögra sér. Vitnið segir, að sér hafi þótt þessi athugasemd svo fráleit, að hann hafi bara hlegið. Þetta hafi verið ein af þessum broslegu uppákomum, þegar fólk er að reyna að mætast og sveigir sig til og frá samtímis í sömu

átt. Í þessum svifum hafi árársarmaðurinn fyrirvaralaust barið vitnið eitt þungt högg í andlit með kreptum hnefa. Hafi höggið komið á kinnbeinið vinstra megin, og kveðst vitnið hafa vankast dálítið við þetta og ekki einu sinni muna, hvort hann féll við eða ekki. Vitnið tekur fram, að hann hafi ekki verið ölvaður að ráði. Vitnið kvaðst muna það næst, að hann var tekinn og settur út, en ekki árársarmaðurinn. Hann segist muna eftir að hafa talað við dyravörð í dyrunum og spurt, hverju það sætti, að sér væri hent út, en ekki árársarmanninum, sem enn var inni. Hafi engin svör fengist við því. Litlu síðar hafi árársarmaðurinn svo komið út líka, og kveðst vitnið þá hafa farið til hans og spurt hann að nafni, þar sem hann hygðist kæra hann fyrir árásina. Hafi hann þá svarað með föstu hnefahöggi í andlit vitnisins, sem lent hafi á svipuðu svæði og í fyrra skiptið. Vitnið kvaðst hafa vankast við þetta högg og telur sig hafa fallið við.

Vitnið kveðst síðan muna eftir því, að sparkað hafi verið í andlit sér oftast en einu sinni. Eitt sparkanna hafi lent á hægri kinnbeini og eitt á hálsinum hægri megin. Vitnið kvaðst ekki minnst þess að hafa barið manninn á móti. Hann kvaðst eitthvað hafa reynt að verjast honum, en ekki verið í neinum átakahug og lítið getað varið sig, þar sem hann hafi strax verið barinn svo heiftarlega, að hann hafi vankast við högginn. Hann kveðst líka hafa verið allan tímann með hugann við bakmeiðsl sín, þar sem hann hafi nýlega verið kominn úr lækniáðgerð við brjóslokosi í baki. Lögreglan hafi komið þarna að og stöðvað árársarmanninn og handtekið.

Vitnið Kristinn Hjörtur Jónsson, kt. 240573-3859, Heiðarbraut 1 a, Keflavík, var á Strikinu umrætt kvöld. Hann kvaðst hafa kannast við þá báða, ákærða, Magnús, og kæranda, Lúðvík. Hann bar, að er ljósinn kviknuðu á Strikinu við lok dansleiks, hafi hann tekið eftir því, að þeir tveir hafi legið í gólfinu í átökum. Dyraverðir hafi komið að og hent Lúðvík út.

Pegar vitnið kom út af dansleiknum, kveðst hann hafa komið auga á þá Magnús og Lúðvík, og hafi Magnús þá verið að lemja Lúðvík. Vitnið kvaðst ekki hafa séð upphafið að átökunum. Spurður um, hvort Lúðvík hefði slegið á móti, sagði vitnið: „Mig minnir það, eflaust hefur hann gert það. Lúðvík var að reyna að verja sig.“ Þeir hafi síðan báðir fallið í götuna, Lúðvík undir. Magnús hafi síðan látið högginn dynja á Lúðvík. Kvaðst vitnið hafa gengið í átt til þeirra, þar sem hann hafi talið, að Magnús væri alveg að ganga frá Lúðvík. Kvaðst hann þá hafa verið stöðvaður af einhverjum félögum Magnúsar, frá Sandgerði, en þarna hafi verið einhverjir Sandgerðingar, sem hafi ekki viljað láta stöðva viðureignina. Þá hafi lögreglubifreið komið þarna að og hann veifað lögreglumönnum og þeir staðnæmst og komið út. Hafi vinir Magnúsar þá dregið hann af Lúðvík, en ákærði, Magn-

ús, þá sparkað í Lúðvík. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa séð, að Lúðvík sparkaði upp fyrir sig í Magnús. Vitnið sagðist aðeins hafa séð Magnús sparka einu sinni í Lúðvík, og þá hafi Lúðvík legið í götunni.

Vitnið Arngrímur Guðmundsson lögreglumaður kveðst hafa verið í eftirlitsför við þriðja mann eftir Hafnargötu. Er þeir nálgudust skemmtistaðinn Strikið, hefðu þeir séð, að einhverjir voru í áflogum þar fyrir utan. Vitnið kveðst hafa farið út úr bifreiðinni ásamt Kristjáni Geirssyni lögreglumanni. Þegar vitnið kom fyrir hornið á lögreglubifreiðinni, kveðst hann hafa séð ákærða sparka af alefli í höfuð Lúðvík, þar sem hann lá í götunni. Vitnið kveðst hafa hlaupið til og tekið ákærða, Magnús, og þeir fært hann á lög-reglustöðina.

Vitnið Kristján Freyr Geirsson lögreglumaður kveðst hafa stigið út úr lögreglubifreiðinni ásamt Arngrími og hafa séð, er ákærði, Magnús, sparkaði í höfuð Lúðvík. Lúðvík hafi þá verið liggjandi í götunni. Ákærði hafi lagt mikinn kraft í þetta spark, – „mér leist satt að segja ekkert á þetta“.

Nánar spurður taldi lögreglumaðurinn, að einhver hefði verið að toga ákærða ofan af Lúðvík, er ákærði sparkaði í hann, en mikill mannsöfnuður hefði verið þarna í kring.

Vitnið Magnús Ingi Jónsson lögreglumaður kveðst hafa verið ökumaður lögreglubílsins. Hann kveðst hafa verið með hugann við aksturinn, en þarna hafi verið mikil mannþröng. Hann kvaðst ekki hafa farið út úr bílnum og ekki séð nein högg eða spörk. Er ákærði var færður inn í lögreglubílinn, hefði hann verið nokkuð æstur fyrst, en róast fljótlega og síðan verið hinn kurteisasti.

Ingi Þór Gylfason, kt. 200971-0049, dyravörður á Strikinu, gaf skýrslu hjá lögreglu, en kom ekki fyrir dóm. Hann kvaðst hafa verið kallaður til, þar sem tveir menn voru að fljúgast á rétt hjá barnum við innri salernin. Mennirnir hafi þó ekki verið í átökum, þegar hann kom að. Hann kvaðst ekki þekkja þessa menn, en annar hefði verið mjög hávaxinn. Hann hafi verið blóðugur í framan og mjög æstur. Hann hafi verið settur út, þar sem hann hafi verið miklu æstari en hinn. Síðan er bókað í lögregluskýrslunni: „Mætti segist hafa rætt við þann hávaxna, sem þá hafi verið orðinn nokkuð rólegur, þar sem mætti stóð í dyrunum á skemmtistaðnum, en hinn hávaxni fyrir utan skemmtistaðinn. Mætti segir, að sá hávaxni hafi sagt sér, að hann hafi verið kýldur í andlit inni á skemmtistaðnum. Mætti segir, að sá hávaxni hafi greinilega ekki viljað berjast við manninn aftur, heldur eingöngu viljað fá nafn hans til þess að geta kært hann. Mætti er spurður, hvaða áverkar hafi verið á þeim hávaxna, þegar hann var settur út af skemmtistaðnum. Mætti

segir hann hafa verið með blóðnasir, en aðra áverka hafi hann ekki séð á honum.“

Rétt er að geta þess, að kærandi, Lúðvík Rúnarsson, er hávaxinn, en ákærði meðalmaður á hæð.

Jón Guðmundur Benediktsson, kt. 100675-3909, dyravörður á Strikinu, gaf skýrslu hjá lögreglu, en kom ekki fyrir dóm. Hann kvaðst ásamt öðrum dyraverði hafa komið þar að, sem Lúðvík og ákærði, Magnús, voru í átökum á gólfinu innan við útidyr. Hann minnti, að Magnús hefði legið undir Lúðvík. Þeir dyraverðirnir hafi skilið þá að og komið Lúðvík út. Bókað er í lögregluskýrslunni: „Mætti kveður ástæðuna fyrir þessu vera þá, að þá verði ekki framhald á áflogunum fyrir utan skemmtistaðinn.“

Vitnið Sigfús Aðalsteinsson, kt. 210273-4099, bar, að hann hefði farið með félögum sínum á Strikið umrætt kvöld, þar á meðal ákærða, Magnúsi. Þeir Magnús hafi verið að spjalla saman, að hann minnti, við salernin. Hann kvaðst hafa gengið þaðan burt og Magnús á eftir. Þá muni Magnús hafa farið að deila eitthvað við þennan strák, sem hann viti nú, að heiti Lúðvík. Vitnið segist ekki hafa vitað fyrr til en þeir hafi verið komnir í einhver átök. Vitnið segist ekki hafa séð upphafið að þeim átökum eða hvort hnefum var beitt.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð upptökin að átökunum fyrir utan skemmtistaðinn, en hafa séð þá Lúðvík og ákærða veltast í götunni, en hvorki séð nein högg eða spörk.

IV.

Í áverkavottorði Konráðs Lúðvíkssonar lækni, sem dagsett er 24. 11. 1996, segir, að er Lúðvík Rúnarsson kom á Sjúkrahús Suðurnesja í fylgd lögreglu, hafi hann verið mjög miður sín, en vírst hægur og yfirvegaður. Síðan segir í vottorðinu:

„Hann ber þess merki að hafa lent í töluverðri líkamsárás. Hann er með mar á hægri augabrún, merki eftir sljóan áverka eins og spark í andliti, með skrámur á hægri og vinstri kinn. Hann er marinn á nefi, og það blæðir úr hægri nös. Auk þess er hann með skrámur og yfirborðssár á hálsi, eins og þar hafi verið sparkað í hann. Hann er óhrein, eins og hann hafi legið í götunni.

Lúðvík er skoðaður, neitar því að hafa rotast, man þó ekki alveg glöggt eftir öllum atvikum. Hann er með yfirborðssár innan á hægri nasavæng, fær baðmullarhnoðra í hægri nös.“

Fram lagt vottorð Stefáns Eggertssonar háls-, nef- og eyrnalækni, Sjúkrahúsi Suðurnesja, dagsett 10. 12. 1996, hljóðar svo:

„Slasaði kom í álit til undirritaðs föstudaginn 6. desember 1996. Hafði hann sama morgun leitað til Jóns Benediktssonar heilsugæslulæknis vegna dofa í tönnum í efri kjálka hægra megin. Lúðvík hafði tæpum tveimur vikum áður komið hér á slysavakt SHS eftir líkamsárás, og hafði þá meðal annars verið sparkað í hægri kinn. Hann var þá mjög bólginn í andliti og ekki ákveðnar grunsemdir um brot á andlitsbeinum, en við skoðun 6. 12. var ljóst, að hægra kinnbein hafði brotnað og kýlst inn nokkra millímetra, sem markaðist af mikilli misvíxlun í neðri augntóftarbrún. Brot af þessu tagi veldur einnig áverka á skyntaug í andliti með dofa, eins og að ofan er lýst.

Tiltölulega langt er liðið frá áverka og því hætta á, að brot væri að festast. Var slasaði svæfður samdægurs og brotið sett í réttar skorður. Það gekk mjög vel, og röntgenmyndir teknar eftir aðgerð sýna, að náðst hefur góð staða á kinnbeinið. Það er því ljóst, að ekki er líklegt, að slasaði beri nein andlitslýti af völdum þessa áverka, en búast má við, að skyntaugin verði lengi að jafna sig og að slasaði verði með dofa í andliti í marga mánuði, og einnig er hugsanlegt, að skynjun á þessu svæði komi aldrei fyllilega til baka.“

Bótakröfur kæranda, Lúðvíks Rúnarssonar, sundurliðaðar, rökstyður lögmaður hans, Lárentsínus Kristjánsson hdl., svo:

1. Miskabætur	kr.	250.000
2. Kostn. v/aðgerðar á andlitsbeini	–	6.378
3. Kostn. v/áverkavottorðs	–	6.000
4. Kostn. v/Sjúkrahúss Suðurnesja	–	2.572
5. Hreinsun á fötum	–	2.300
6. Skyrta og bindi	–	7.650
7. Lögmannsaðstoð	–	91.289
8. Vsk.	–	22.366
	<u>Samtals</u>	<u>kr. 388.915(?)</u>

„Krafan um miskabætur styðst við 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 um skyldu til bótagreiðslu og er síst of há, eins og árásinni hefur verið lýst. Benda má á nokkra dóma, þar sem kærðu var gert að greiða miskabætur, sbr. Hrd. 1994, 560, og Hrd. 1991, 1681.

Krafan um greiðslu útlagðs kostnaðar byggist á almennum reglum skaðabótaréttarins, og má vísa til áðurnefndra dóma, þar sem viðurkenndur var bótaréttur vegna útlagðs kostnaðar.

Krafan um lögmannsaðstoð styðst við 4. tl. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. Hrd. 1994, 560. Fjárhæðin er hagsmunatengd

og miðast einnig við vinnutímann með hliðsjón af gjaldskrá Lögfræðistofu Suðurnesja hf. Þá er krafist virðisaukaskatts af lögmannsbókun og vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, enda lögmönnum gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni.

Krafan um dráttarvexti á stoð í III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1993, og þeirri venju að dæma þá frá árásardegi, sbr. Hrd. 1991, 1681.

Vaxtaákvæði 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 um 2% ársvexti á einvörðungu við um batur skv. 1. kafla þeirra laga.

Ekki er óhugsandi, að tjón kæranda verði meira síðar, ef frekari rannsóknir á andliti hans og því andlega áfalli, sem hann varð fyrir, leiða slíkt í ljós. Áskilnaður er því gerður um aukna kröfugerð í einkamáli, ef sú verður raunin.“

V.

Fyrir dómi lýsti ákærði atvikum varðandi ákærulið II svo, að hann hefði verið staddur á dansgólfinu á veitingastaðnum Strikinu. Mikil þröng hefði verið og hann rekið sig í einhvern og þá verið sleginn, – „ég sá ekki, hver það var“. Ákærði kveðst síðar hafa fengið þær upplýsingar frá kunningja sínum, að það hefði verið Snorri Pálmason, sem sló hann. Ákærði kveðst hafa snúið sér við og slegið frá sér, en höggið lent á kunningja sínum, Sæv-ari að nafni, en þá hafi verið gengið á milli.

Að dansleik loknum kveðst ákærði hafa verið að röltu frá skemmti- staðnum. Þá hafi hann mætt Snorra Pálmasyri og sambýliskonu hans. Snorri hafi ætlað að „spóla“ í sig og hann þá þrifið til Snorra, slengt honum í götuna og slegið hann nokkur hnefahögg. Þá hafi sambýliskona Snorra ráðist að sér og togað í hárið á sér. Snorri hafi þá komist á fætur og ætlað að sparka í andlit sér, en ákærði kveðst hafa náð að bregða hendinni fyrir. Þá hafi hann skellt Snorra aftur í götuna og slegið hann nokkur högg. Þá segist ákærði hafa verið dreginn ofan af Snorra, en þá náð að sparka einu sinni í hann. Ákærði taldi, að sparkið hefði örugglega lent í andliti Snorra.

Vitnið Snorri Pálmason lýsti atvikum svo, að þröng hefði verið á dans- gólfinu á Strikinu. Þeir ákærðu hefðu rekist saman og ákærði þá snúið sér við og rekið sér hnefahögg á gagnauga og þrifið til sín og rifið skyrtu sína. Þá hafi menn gengið á milli. Að dansleik loknum, er vitnið var á heimleið og gekk á ská yfir Hafnargötu ásamt sambýliskonu sinni, hefði ákærði komið niður eftir gangstéttinni og þeir mæst, þegar vitnið var komið yfir göt- una. Hafi ákærði þá tekið sig tali og spurt, hvort þeir ættu ekki eitthvað vantalað. Vitnið kveðst þá hafa spurt ákærða, hvort ekki væri allt í lagi með hann, hvort hann væri eitthvað ruglaður. Þá hafi ákærði kýlt sig, tekið sig

undir höndina, skellt sér í götuna og barið sig nokkur högg. Eftir það kveðst vitnið lítið muna annað en hann hafi fengið mikil högg og spörk og síðan ekki muna eftir sér fyrr en í sjúkrabíl.

Vitnið Einara Lilja Árnadóttir, kt. 080874-3679, kvaðst hafa verið að koma af skemmtistaðnum Strikinu ásamt eiginmanni sínum, Magnúsi Friðjóni Ragnarssyni, umrædda nótt, og kvaðst hafa ekið bifreið þeirra hjóna. Er þau óku eftir Hafnargötu og voru komin á móts við hús Sjóvár-Almennra trygginga hf., hefðu þau lent í umferðarteppu. Umferðin á „rúntinum“ hefði stöðvast. Er hún sat þarna í öikumannssæti bifreiðarinnar kyrrstæðrar, hefði hún séð þar koma gangandi niður Hafnargötuna. Hefði maðurinn verið dökkhærður. Þá hefði komið þarna að ljóshærður maður. Dökkhærði maðurinn, sem gekk niður Hafnargötu ásamt stúlkunni, hefði þá brosað og rétt fram höndina, ekki hnefann, heldur höndina, eins og hann ætlaði að heilsa hinum, og brosað til hans. Hefði ljóshærði maðurinn þá slegið hinn dökkhærða, sem höndina rétti fram, og hann fallið í götuna, en reynt að standa upp eftir fyrsta högg. Þá hefði árásarmaðurinn lamið aftur og hinn fallið aftur í götuna. Þetta hefði gerst þannig nokkrum sinnum og sá, er fyrir árásinni varð, engum vörnum getað komið við og loks hnigið í götuna. Hefði þá árásarmaðurinn sest ofan á fórnarlamb sitt. Vitnið kvaðst ekki hafa séð glögg, hvort árásarmaðurinn hélt áfram að berja þann, er undir var, hann hefði snúið baki í sig. Stúlkan, sem með hinum fallna var, hefði þá reynt að stöðva árásarmanninn, en fengið þá högg frá honum. Þá hefði hinn náð að rísa nokkuð upp, en árásarmaðurinn skellt honum aftur í götuna og sparkað í hann nokkrum sinnum liggjandi í götunni. Hefðu menn þá komið að og dregið árásarmanninn ofan af hinum. Árásarmaðurinn hefði þó náð að sparka í hann.

Vitnið Magnús Friðjón Ragnarsson, kt. 050274-3069, eiginmaður vitnisins Einöru Lilju, bar, að þegar þau hjón voru komin á móts við hornið á húsi Sjóvár-Almennra trygginga hf., hefði hann séð tvo menn á gangstéttinni eitthvað að kýtast. Hefði annar slengt hinum í götuna og sparkað í höfuð hans.

Vitnið Kristín Sesselja Kristinsdóttir, kt. 220676-3589, sambýliskona Snorra Pálmasonar, kvað þau Snorra hafa verið á dansgólfinu á Strikinu. Hefði hún þá orðið fyrir árekstrum og þau skipt um afstöðu á gólfinu, þannig, að Snorri sneri baki inn að mannþrönginni á gólfinu. Hefði Snorri þá verið sleginn, en hún ekki hafa séð, hver sló. Og er þau Snorri voru á heimleið, hefðu þau mætt ákærða, sem gengið hefði í veg fyrir þau og rekið brjóstkassann upp að Snorra og sagt við hann, að þeir „ættu óklárað mál“. En Snorri hefði sagt: „Slappaðu af, maður, hvað er að þér?“ – eða eitthvað

á þá leið. Ákærði hefði þá þrifið til Snorra, skellt honum í götuna og tekið að berja hann í andlitið. Vitnið kveðst þá hafa reynt að stöðva ákærða, en hann þá slegið sig einu sinni á munninn. Snorri hafi þá náð að rísa upp, en ákærði hlaupið að Snorra aftur, skellt honum aftur og tekið að lemja hann að nýju. Þá kveðst vitnið hafa ráðist að ákærða aftur til þess að reyna að stöðva þessar aðfarir, en menn komið að og reynt að draga ákærða frá Snorra, en ákærði þá aftur sparkað í höfuð Snorra, þar sem hann lá í götunni. Nánar spurð um, hversu oft ákærði hefði sparkað í höfuð og andlit Snorra, sagði vitnið, að þetta hefðu verið mörg spörk, hún hefði ekki talið þau. Aðspurtt kvað vitnið Snorra engum vörnum hafa við komið og tók fram, að þeir áverkar, sem ákærði kunnir að hafa fengið í þessum átökum, hafi þá verið eftir sig.

Vitnið Ólafur Ingi Jónsson, kt. 010962-5019, sjúkraflutningamaður í Keflavík, kvaðst umrædda nótt hafa flutt Snorra Pálmason, fyrst á Sjúkrahús Suðurnesja og síðan til Reykjavíkur. Er vitnið kom að, hefði Snorri legið í götunni, verið með meðvitund, en þvoglumæltur og ljósop ekki verkað sem skyldi. Áður en þeir færðu Snorra í sjúkrabílinn, hefði hann misst meðvitund nokkra stund og vitnið orðið að toga tungu hans út úr munnum, til þess að hún færi ekki ofan í kok og sjúklingurinn kafnaði. Í sjúkrabílnum hefði sjúklingurinn ekki misst meðvitund. Hann hefði verið með mikla áverka, vinstra auga djúpt sokkið, nef mikið bólgið, áverki á enni, ekki sár, en djúp, bein rák skáhallt frá nefi upp til vinstri, líkt og eftir högg, sem þó hefði ekki náð að rjúfa húðina. Þá hefði verið skófar á baki sjúklingsins.

Vitnið Sævar Ingi Borgarsson, kt. 021274-4969, kvaðst hafa verið á dansgólfinu á Strikinu. Hefðu þá orðið einhverjar stimpingar og hann fengið óviljahögg frá kunningja sínum, ákærða Magnúsi. Ekkert hefði orðið úr því meira.

Vitnið Anton Már Ólafsson, kt. 090677-4629, kvaðst hafa á veitingastaðnum Strikinu umrætt kvöld séð ákærða detta fram fyrir sig, að vitnið taldi, vegna troðnings á dansgólfinu. Er hann reis upp, hefði komið hnefi yfir hópinn og í ákærða. Ákærði hefði snúið sér við, en vitnið kveðst ekki hafa séð, hvort hann sló einhvern. Eftir að dansleiknum lauk og vitnið var á leið eftir Hafnargötu, hafi vitnið séð ákærða standa yfir manni á gangstéttinni, en ekki kvaðst vitnið hafa séð nein átök þeirra á milli. Þeir Marteinn Guðjónsson hafi tekið Magnús og farið með hann burt.

Framburður vitnisins Marteins Guðjónssonar, kt. 040177-4349, var efnislega á sömu leið og framburður vitnisins Antons Mús, en þeir voru saman á Strikinu og urðu samferða þaðan. Hann kvað ákærða hafa verið sleginn inni á Strikinu, en ekki hafa séð, hver sló.

Vitnið Raket Óskarsdóttir, kt. 250976-4299, kvaðst umrædda nótt hafa gengið ásamt vinkonu sinni, Steinunni Einvarðsdóttur, eftir Hafnargötu að loknum dansleik á Strikinu. Kvaðst hún hafa séð ákærða og Snorra Pálmason rjúka saman. Hefði Snorri orðið undir og ákærði lamið hann. Kvaðst hún hafa séð ákærða sparka í Snorra einu sinni.

Vitnið Helga Steinunn Einvarðsdóttir, kt. 030973-3729, bar, að er hún stóð framan við veitingastaðinn Strikið að dansleik loknum, hefði ákærði verið þar nær og sagt: „Þarna er strákurinn.“ Síðan hefði hann hlaupið á eftir Snorra og náð honum, hlaupið fram fyrir hann við Sjóvá-Almennar og stöðvað hann. Átök hefðu orðið og ákærði orðið ofan á og þá kýlt Snorra í andlit. Hún kvaðst ekki hafa séð ákærða sparka í Snorra. Á hinn bóginn hefði Snorri reynt að sparka í ákærða.

VI.

Áverkavottorð Ólafs M. Hákanssons, læknis á Sjúkrahúsi Suðurnesja, dagsett 24. 1. 1997, hljóðar svo:

„Það staðfestist hér með, að Snorri Pálmason kom með sjúkrahil um kl. 3.55 19. 1. 1997. Hann hafði þá orðið fyrir árás við Strikið á Hafnargötu í Keflavík, og mun þar hafa verið sparkað í höfuð sjúklings mörgum sinnum. Mun hann hafa misst meðvitund. Þegar sjúkrahilstjórar koma að, hefur hann hætt að anda, en þeir fá öndun strax í gang með þrýstingi á brjóstið. Var fluttur bráðaflutningi á Sjúkrahús Suðurnesja, og við komu á slyssastofu er ljóst, að maðurinn er ölvaður, en sljór, svarar þó öllum spurningum og þekkir undirritaðan strax. Það mælist hjá honum blþr. 115 í systolu og púls um 63 slög á mín. Pupillur eru ljósstífar, og grunur vaknar um nefbrot og mögulega brot við orbita vi. megin, þar sem sjúklingur er með skrámur og byrjaður að bólgná. Hann er hins vegar allur óvenjulega slappur, og slappleiki ásamt ljósstífum pupillum vekur grun um, að hér gæti verið um að ræða alvarlegan heilaáverka út frá því ofbeldi, sem hann hefur orðið fyrir. Þó að hann vaknaði því meira sem talað er við hann á slyssastofu, er samt ákveðið að senda hann bráðaflutningi til Reykjavíkur til að ganga úr skugga um, hvort alvarlegri áverkar liggja á bak við það, sem sést, og er hann fluttur á Sjúkrahús Reykjavíkur og haft samband þangað, svo að hægt verði að taka á móti honum.“

Í vottorði læknisins Curtis P. Snook, MD, slysa- og bráðamóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur, dagsettu 14. febrúar 1997, segir, að Snorri Pálmason hafi komið á bráðamóttöku kl. 4.46 19. 1. 1997. Vikið er að tildrögum að komu sjúklings. Síðan segir í vottorðinu:

„Við skoðun kom í ljós, að hann var með glóðarauga vinstra megin, nef-

blæðingu og skrámur á baki. Röntgenmyndir sýndu engin ákveðin merki um brot á andlitsbeinum eða í hálsi. Tölvusneiðmyndir af höfði sýndu engin merki um blæðingu í heila eða brot í andlitsbein.

Sjúklingur var lagður inn á Landspítala af slysa- og bráðamóttöku til frekari meðferðar og eftirlits. Ekki er getið um frekari komur til meðferðar eða eftirlits á vegum deildarinnar.

Samkvæmt sjúkraskýrslu var hér um að ræða heilahristing og glóðarauga eftir líkamsárás, og hafa slíkir áverkar vissulega getað hlotist af ofbeldi eins og því, sem lýst er í sjúkrasögu.

Ekki er vitað um framvindu einkenna eftir fyrstu komu sjúklingsins á slysa- og bráðamóttöku SHR. Því verður ekki fullyrt hér um batahorfur, en ráðlagt að leita umsagnar lækna Landspítalans um þetta tvennt.“

Loks er lagt fram í málinu læknafrétt Marinós Péturs Hafstein læknis, Domus medica, sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum, til Ólafs M. Hákanssons, læknis á Sjúkrahúsi Suðurnesja, dagsett 13. febrúar 1997, svohljóðandi:

„Aðfaranótt 18. janúar sl. var ráðist á Snorra á götu í Keflavík. [. . .] Var fluttur á Sjúkrahús Keflavíkur, en þaðan á Sjúkrahús Reykjavíkur, þar sem ýmsar rannsóknir voru gerðar, t. d. sneiðmynd af heila, en hann síðan fluttur á Lsp., þar sem hann var þangað til um miðjan dag daginn eftir. Hann starfar við garðyrkju, en á veturna við snjómokstur og varð að taka sér frí í fjóra daga eftir þetta. Hefur verið að reyna að stunda vinnu, en gengið illa. Vandamál eftir þennan áverka er svimi, og gefur hann góða lýsingu á rotarískum svima, sem er bundinn höfuðhreyfingum. Fær þetta margoft á dag og stendur í u. þ. b. 1/2 – 1 mín. í senn. Auk þess er hann að fá höfuðverkjagöst, en var aldrei höfuðverkjagjarn áður. Verkurinn er í gagnauganu og bak við augun og upp í enni og er stöðugur. Þessu fylgir ljósfælni og hljóðfælni, en kannast ekki við flökurleika. Höfuðverkurinn stendur í nokkrar klst., og hann má ekki reyna smávegis á sig, að þá versnar hann. Um viku eftir fyrrgreinda árás var hann á þorablóti og fékk þá svimann, og leið yfir hann í stuttan tíma, en hann var ekkert ruglaður á eftir.

Einnig hefur borið á jafnvægisleysi, þannig, að hann er að rekast á hluti og því um líkt, og honum finnst minnisskerðing vera einnig.

SKOÐUN: Mental status: Eðlilegur.

Heilataugar: Það er greinilegur horizontal nystagmus til beggja hliða með rotarískum blæ, og er þetta verra vinstra megin en hægra megin og eykst við höfuðhreyfingar; að öðru leyti eru heilataugar eðlilegar.

Motorisk skoðun: Vöðvakraftur er alls staðar 5/5 eða eðlil. og hvergi um focal vöðvarýrnun að ræða. Reflexar eru um 2 og symmetriskir báðum megin og plantarsvörun er flexor báðum megin.

Skynskoðun er eðlileg.

ÁLIT: Afleiðingar heilahristings eftir höfuðáverka. Mun fá niðurstöður frá sjúkrahúsunum um rannsóknir. Samkvæmt skilgreiningu er Snorri að fá vascular höfuðverk eftir höfuðáverka, og mun ég láta hann hafa verkjatöflur til þess að taka við því, og hann er með mjög slæman stöðusvima. Mun gera blink reflexa stúdiu vegna hans og hugsanlega í nánustu framtíð að fá segulómun af heila, og ef þeir á sjúkrahúsinu gerðu ekki CT með beinluggum af höfuðkúpu, mun ég gera það.

Að sögn Snorra var hann með glóðarauga báðum megin og mjög marinn vinstra megin á höfði og skurð þar. Það, sem ég sé núna, er smá-subconjunctival blæðing vinstra megin lateralt við iris. Og vinstra gagnauga er greinilega bólgið miðað við það hægra megin. Höfuðhreyfingar eru fullar, og engin hnakkafestumein.

Vegna slæmra einkenna eftir heilahristing ráðlegg ég honum að taka sér frí í alla vega tvær vikur, þar sem þessi einkenni lagast fyrr, ef svo er gert. Þakka tilvísunina. Marinó P. Hafstein.“

Bótakrafa Snorra Pálmasonar er þannig sundurliðuð af lögmanni hans, Lárentsínusi Kristjánssyni hdl.:

1. Miskabætur	kr.	200.000
2. Kostn. v/Sjúkrahúss Suðurnesja	–	1.572
3. Sjúkraflutningakostnaður	–	2.400
4. Ríkisspítalar, bráðamóttaka	–	4.370
5. Hagkaup, lyfjabúð	–	303
6. Kostn. v. sérfræðiadstoðar	–	10.995
7. Akstur (Kef.-Rvk.-Kef.=35,15×300 km)	–	10.545
8. Ónýtur fatnaður (skyrta og bolur)	–	7.580
9. Lögmannsaðstoð	–	115.665
10. Vsk.	–	28.338
	<u>Samtals kr.</u>	<u>381.768</u>

Bótakrafan er rökstudd með sama hætti og bótakrafa sama lögmanns vegna Lúðvíks Rúnarssonar og gerður sami fyrirvari um aukna kröfugerð í miskamáli, þar á meðal um bætur vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku, ef sú verður raunin.

VII.

Ákæruliður 3 styðst við vettvangsskýrslu lögreglu um ákærulið 2, en í vettvangsskýrslunni er því lýst, að tilkynnt hafi verið kl. 3.35 19. 1. 1997 um mann, liggjandi í blóði sínu framan við Sjóvá-Almennar, Hafnargötu 36.

Lögreglumenn þeir, sem taldir eru upp í ákærulið 3, hafi farið á vettvang. Gerðu þeir fyrst ráðstafanir á vettvangi, en fóru síðan á veitingastaðinn Olsen Olsen og fundu ákærða þar í herbergi inn af afgreiðslu. Hafi hann verið fús að koma og ræða við lögreglumennina og gengið rólegur með þeim út fyrir veitingastaðinn. Síðan segir í vettvangsskýrslunni, sem undirrituð er af Hrafni V. Ásgeirssyni flokksstjóra: „En er hann var að koma að lögreglubifreiðinni, fór hann að malda í móinn og vera með „stæla“, en fór þó inn í bifreiðina. Við Halldór sátum sinn hvorum megin við Magnús og ræddum við hann á leiðinni til lögreglustöðvar. En er við vorum rétt lagðir af stað, fór hann að veita mótþróa, sem endaði með því, að færa varð hann í handjárn, sem síðan voru tekin af honum í fangaklefanum. [...]

Magnús var mjög æstur og marghótaði okkur líkamsmeiðingum, er hann sæi okkur næst á frívakt. Orðrétt sagði Magnús: „Ég skal rota ykkur, þegar þið eruð á frívakt.“ Þetta endurtók hann í sífellu og einnig eftir að hann kom á lögreglustöðina.“

Vitnið Magnús Ingi Jónsson lögreglumaður bar, að eftir handtöku ákærða á veitingastaðnum Olsen Olsen hefði hann haft uppi hótanir um að lemja lögreglumennina, þegar þeir væru í fríi. Þurft hafi að færa ákærða í handjárn í lögreglubifreiðinni og hann verið með svívirðingar og hótanir, – „svona eins og gengur og gerist“, eins og lögreglumaðurinn orðaði það, – alla leið upp á lögreglustöð.

Fyrir dómi bar ákærði, að hann teldi sig hafa fengið nokkuð harkalega meðferð í lögreglubílnum. Hann hefði ekki viljað fara í handjárn. Hefðu lögreglumennirnir þrír þá komið ofan á sig og einn þeirra síðan verið með hnéð í baki eða hálsi sér.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða að hluta, en þó einkum með vitnaframburði þeim, sem að framan er rakinn, svo og læknisvottorðum, að því er varðar áverka og afleiðingar þeirra, er sannað, að ákærði, Magnús Heiðar Magnússon, réðst að Lúðvík Rúnarssyni aðfaranótt 24. nóvember 1996 í námunda við skemmtistaðinn Strikið í Keflavík, felldi hann til jarðar og veitti honum með höggum og spörkum þá áverka og með þeim afleiðingum, sem lýst er í ákærulið 1.

Ósannað er, að árásarþoli, Lúðvík, hafi gefið ákærða slíkt tilefni til árásarinnar, að virt verði ákærða til málsbóta.

Með hliðstæðum hætti, játningu ákærða að hluta, en einkum vitnaframburði og læknisvottorðum, er sannað, að ákærði réðst að Snorra Pálmasyni í námunda við sama skemmtistað aðfaranótt sunnudags 19. janúar 1997 og veitti honum með höggum og spörkum þá áverka og með þeim afleiðing-

um, sem lýst er í ákærulið 2 og nánar er um fjallað í læknisvottorðum, síðast læknisbréfi Marinós Péturs Hafstein, sem að framan er til vitnað.

Ósannað er, að árásarþoli, Snorri, hafi gefið ákærða slíkt tilefni til árásarinnar, að virt verði ákærða til málsbóta.

Framangreind háttsemi ákærða telst réttilega heimfærð til refsíákvæðis í ákæru.

Sýkna ber ákærða af ákærulið 3. Má leggja til grundvallar þann framburð lögreglumannsins Magnúsar Inga Jónssonar, að munnsöfnuður ákærða, er honum var haldið föstum tókum handjárnuðum, ölvuðum og óðum á gólfi lögreglubifreiðarinnar, hafi verið „svona eins og gengur og gerist“, og ekki er neitt fram komið, er bendi til þess, að ákærði hafi ætlað sér eða reynt að standa við hótanir sínar eða lögreglumennirnir haft ástæðu til að ætla, að hann myndi reyna það. Þá fór ekki fram sérstök lögreglurannsókn vegna þessa ætlaða brots ákærða, og hinir lögreglumennirnir tveir, sem ætlaðar hótanir beindust að, hafa ekki komið fyrir dóm.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði ákærða hefur hann auk tveggja lög-reglustjórásátta fyrir umferðarlagabrot hlotið með sektargerð sýslumannsins í Keflavík 20. mars 1996 sekt, að fjárhæð 30.000 kr., fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða ákveðst sjö mánaða fangelsi. Fresta skal fullnustu fimm mánaða af þeirri refsingu, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Miskabótakrafa Lúðvíks Rúnarssonar verður tekin til greina með 200.000 kr. Aðrir kröfuliðir í bótakröfu hans verða teknir til greina að fullu nema liðurinn lögmannaðstoð, sem verður tekinn til greina með 75.000 kr., virðisaukaskattur á þá fjárhæð 18.375 kr., tildæmdar bætur því 308.325 (?) kr. Vaxtakrafa verður tekin til greina með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga af 200.000 kr. frá 24. nóvember 1996 til 20. mars 1997, – en bótakrafan var birt ákærða mánuði fyrr, – en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af 308.325 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Miskabótakröfu Snorra Pálmasonar er í hóf stillt og aðrir bótakröfuliðir studdir fullnægjandi gögnum. Verður bótakrafa hans því að fullu tekin til greina að öðru leyti en því, að á hana dæmast vextir samkvæmt 7. gr. vaxtalaga af 200.000 kr. frá 19. janúar 1997 til 11. apríl sama ár, – en bótakrafan var birt ákærða mánuði fyrr, – en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af 381.768 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal 100.000 kr. í saksóknarlaun í ríkissjóð, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar hrl., 100.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Heiðar Magnússon, skal sæta fangelsi í 7 mánuði. Fresta skal fullnustu 5 mánaða af þeirri refsingu, og fellur sá hluti refsingarinnar niður að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal 100.000 kr. í sak-sóknarlaun í ríkissjóð, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sig-mundar Hannessonar hrl., 100.000 kr.

Ákærði greiði Lúðvík Rúnarssyni 308.325 kr. auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga af 200.000 kr. frá 24. nóvember 1996 til 20. mars 1997, en dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga af 308.325 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði Snorra Pálmasyni 381.768 kr. auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga af 200.000 kr. frá 19. janúar 1997 til 11. apríl sama ár, en dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga af 381.768 kr. frá þeim degi til greiðsludags.
